

JÓN TRAUSTI - SÝÐUR Á KEIPUM

Saga frá
byrjun 17.
aldar.

- Sagan kom út árið 1916.
- Með seinni sögum höfundar.
- Jón Trausti upphaflega undir áhrifum frá raunsæisstefnunni.
- Fyrsta sagan „Halla“ kom út árið 1906.
- Tók sér höfundarnafnið Jón Trausti í kjölfar óvæginna gagnrýni.

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

- Eftir *Höllu* komu fjórar sögur undir yfirheitinu *Heiðarbýlið* sem urðu mjög vinsælar.
- Fyrsti íslenski metsöluhöfundurinn.
- Á þeim 12 árum sem höfundur lifði eftir útkomu *Höllu* skrifaði hann 8 skáldsögur og 9 smærri sögur.

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

- Um 1912 hóf Jón Trausti að snúa sér að sögulegum skáldsögum.
- Kunnasta sögulega skáldsagan: Anna frá Stóruborg.
- Þá færir sjónarhorn höf. frá raunsæi yfir í rómantíska fortíðarupphafningu.
- Jón Trausti dó úr spænsku veikinni árið 1918.

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

Tími

- Sagan *Sýður á keipum* gerist í byrjun 17. aldar.
- Tyrkjaránið.
- Galdrafárið.
- Einvaldshyllingin.
- Einokunarverslunin.
- Lútherstrú að festa sig í sessi.
- Mikil hjátrú.

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

Sögusviðið

- Verstöðin við Dritvík á Snæfellsnesi
- Vetrarvertíðin stóð frá því snemma í febrúar og fram í maí
- Verbúðir, hjallar
- Úfið hraun í kring
- Fiskur einkum hertur eða saltaður.

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

Persónur

Annars vegar:

- Sæmundur Jónsson
- Jón Sæmundsson
- Salómon

Hins vegar:

- Sigurður í Totu
- Sigurður Sigurðsson
- Árni Sigurðsson

Aðrir:

- Tobías (Öxnakeldu-Tobbi).
- Ólafur Örnólfsson.

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

Þjóðlegar vísanir

- Sagan af Axlar-Birni (Þjóðsögur Jóns Árnasonar II:116–120)
- Skoffín og Skuggabaldrar, sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar (I:610 og 620).

Sýður á keipum

Orðtakið kemur nokkrum sinnum fyrir í sögunni eins og *stef* eða *leiðarminni* og segja má að það tengi söguna saman, bæði í eiginlegri og yfirfærðri merkingu.

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

- ***Orðið keipur merkir
'útbúnaður (á borðstokk
róðrarbáts) sem árin leikur í
þegar róíð er.'***
- ***Þegar sýður á keipum er siglt
eða róíð svo djarft að freyðir
um bóg og borð.***
- ***Einnig er orðtakið notað í
yfirfærðri merkingu um að
fara mikinn í orðum og æði,
Tobbi lét sjóða á keipum – og
honum hefndist fyrir það.***

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

Maður og náttúra

- Jón Trausti tengir saman umhverfið og mennina (algengt einkenni rómantíkurinnar).
- Jökullinn kaldur hið ytra en eldur undir; sama á við um mennina í verinu.
- Náttúrulýsing í upphafi, síðan er aðstæðum í Dritvík lýst og loks sjálfu mannlífinu

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

- Mannlegur breyskleiki
- Sagan lýsir mannlegum brestum og kostum.
- Átökin stafa m.a. af samkeppni og óheilindum.
- Andstæður áberandi: Sæmundur og Sigurður.
- Salómon sá eini sem telja má fullkomið góðmenni.

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

■ Tobías

- Öxnakeldu-Tobbi er dæmi um listamann sem beitir list sinni stundum til ills.
- Tobbi reynir að lifa af list sinni: heldur dapurleg lýsing á lífi listamanns.
- Frásögnin um Tobba sýnir hvað *orðið* getur verið hættulegt vopn.

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

■ Myndmál

- Jón Trausti skrifar litríkan texta; myndmál er áberandi.
- Hatrið og illskað vex eins og snjóflóð: *viðlíking*.
- Hjallarnir voru eins og blásnar beinagrindur: *viðlíking*.
- Jökullinn = fjallajöfur: myndhverfing

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

- Hljómur í textanum
- Jón Trausti gefur textanum gjarnan hljóm með *stuðlun*: bert og blásið/ útbrunnið eldfjall/ kjark og karlmennsku/ greindarleg og góðleg/ þögnin og þunglyndið
- Oft er jafnframt um *hliðstæður* að ræða: bert og blásið/ kjark og karlmennsku

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti

■ **Endurtekning getur verið sterkt stílbragð**

■ **Honum varð aldrei misdægurt, aldrei hikaði hann né möglaði, aldrei ærðist hann...aldrei mælti hann orð....**

**SÝÐUR Á
KEIPUM**

Jón Trausti

■ Áhrifamikil samsett lýsingarorð

- Með samsettum lýsingarorðum gefur Jón Trausti verkinu lyftingu.
- myrkursjúkur
- meinheill
- fótaferðafær
- notinvirkur
- auðtekinn
- landsynntur

SÝÐUR Á
KEIPUM

Sýður á keipum

■ Kaldhæðni

- *“Ég hrökklaðist út í hraunið og – þið vitið nú vel hve mjúkt það er viðkomu.”*
Kaldhæðni (írónía) felst gjarnan í því að segja eitthvað þveröfugt við það sem maður á við.

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

■ Fyrirboðar

- Tala má um *fyrirboða* í málshættinum “*Sætur er sjódauðinn*”: okkur fer að gruna að einhverjir muni drukkna. Sbr. einnig *draum* Tobba um skrokkinn á sér í briminu og um siglingu Sæmundar frá landi.
- *Hlátur* Sigurðar er einnig illur fyrirboði. Hlátur tengist oft dauða í fornum sögum.

SÝÐUR Á
KEIPUM

Jón Trausti

■ Tákn

- Rauða húfan sem Sigurður setur upp gegnir mikilvægu hlutverki í sögunni: hún segir bræðrunum hvert halda skuli til að ryðja Tobba úr vegi.
- Jafnfram má líta á húfuna sem tákn um þá vitfiringu sem brýst fram og er undanfari ógæfunnar.

SÝÐUR Á
KEIPUM
Jón Trausti